# Útskriftir úr virðingabókum brunabóta 1880-1899

Aðfnr. 1497, örk 11

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Virðingargjörðir
1889

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. –

---

Ár 1889 hinn 26. Febrúarmánaðar var samkvæmt beiðni tveggja manna teknar fyrir þessar eptirfarandi virðingar:

Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Magnús trésmiður Árnason og Björn múrari Guðmundsson

1. Selslóð: Ingimundur Þórðarson hefur byggt hús úr bindingi klætt með borðum, og með járnþaki á langböndum. Lengd 9 ál., breidd 6 ál. og hæð 4 álnir. Í húsinu eru 2 herbergi þiljuð með borðum en ómáluð. Í herberginu nyrðra er 1 lítil eldavjel. –

Hver klauþandi alin var virt á 90 a. . . . Kr. 810. –
1 Eldavjel 18 Kr. . . . . . . » 18. – Kr. 828. –

2. Pósthússtræti № 2: Helgi snikkari Helgason hefur byggt tvíloptað hús úr bindingi ómúruðum, með járnþaki á langböndum. Í húsinu er gólf, og lopt í 6 álnum, og þar þegar komin sölubúð. 8 álnir af húsinu er loptlausar. Húsið er á lengd 14 ál. breidd 9 ál. hæð 7½ al. – –

Hver klauþandi alin var virt á 120 a. . . Kr. 1680

O. Finsen. M. Árnason. B. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjettann útdrátt staðfestir. —

O Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdáttur

## úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar.

Ár 1889 hinn 18. dag desembermán. var samkvæmt tilmælum herra Ásmundar Sveinssonar tekin fyrir virðing á húseign hans № 205 í Þingholtsstræti 15.

Undir þessari virðingu lágu reglulegir virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason. —

<u>Þingholtsstræti 15.</u> Ásmundur Sveinsson hefur látið endurbæta <u>№ 205</u> hús sitt bæði að utan og innan. — Hús þetta, sem er byggt úr bindingi múruðum með „beton" og klætt að utan með borðum, er 14 ál. á lengd, 10 ál. á breidd og 4½ al. á hæð upp undir þakbrún, með járnþaki á súð. Niðri í húsinu eru 4 herbergi, öll máluð, 2 með veggjatjöldum og 2 þiljuð, og 1 af þeim með tvöföldu lopti. — Í þessum herbergjum eru 2 magazinofnar og í eldahúsinu eldavél. — Uppi á loptinu eru 3 herbergi, 1 þiljað og 2 með veggjatjöldum. — Þar er 1 ofn. —

Hver ferhyrnd alin var virt á 260 kr. kr. 3640.

2 Magazinofnar á 60 kr. 1 ofn 30 kr. 1 eldavél 50 kr. " 200. kr. 3,840.

O. Finsen. M. Árnason. Björn Guðmundsson

Rétt útskrifað staðfestir

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

## úr virdingabók Reykjavíkur kaupstadar

Árið 1889 hinn 11 dag desemberm. var samkvæmt beidni nokkra húseiganda teknar fyrir eptirfylgjandi virdingar.
Unnu ad þessum virdingum hinir reglulegu virdingamenn, Magnús trjesmidur Árnason og Björn múrari Gudmundsson.

+I. Selslód. Gudm. Kr. Ólafsson hefur byggt hús med steinveggjum og timburstöfnum nidur úr, og járnþaki á langböndum, á lengd 11½ al. breidd 8 al. hæd 6 al. Nidri í húsinu eru 2 herbergi bædi þiljud, annad málad, en hitt ómálad. Í ödru herberginu er einn lítill ofn, og í eldhúsinu eldavjel. Uppi er allt óinnrjettad.

Hver klaupandi alin er virt á 125 kr. 1437
1. ofn 25 kr. 1 eldavjel 50 kr. ....... 75 — 1512

II. Sudurgata. Jón Valdason hefur byggt hús med steinvegg undir annari hlidinni, og hin hlidin úr timbri og torfi. Þakid er úr járni og á nokkrum parti úr torfi. Austurstafninn er úr timbri kladdur med járni. Vesturstafninn úr timbri og grjóti. Nidri í húsinu er 1 herbergi þiljad og málad, med einföldu lofti, og í því er einn ofn. Í eldhúsinu er eldavjel. Uppi er eitt herbergi þiljad en ómálad med einum litlum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ofni. Framloftið er þiljað en ómálað. Húsið er á lengd 8¾ al. breidd 6 ál. hæð 3½ al.

Hver hlaupandi alin er virt á 90 kr. 787 kr
2 ofnar 25, 15 eldavjel 40 kr 80 kr. 867 kr

III Suðurgata. Jón Jónsson skipasmiður, hefur rifið niður og byggt upp aptur geymsluhúsið b), sumpart úr gömlu og sumpart úr nýju, með járnþaki á langböndum. Hús þetta er á lengd 7½ al breidd 10 ál hæð 3½ al. Skúrinn er að öllu óinnrjettaður

Hver hlaupandi alin var virt á 30 kr 210 kr

O. Finsen Magnús Árnason Björn Guðmundsson

Rjett eptirrit staðfestir

O Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

## úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. —

Ár 1889 hinn 19. nóvember voru teknar fyrir eptirfylgjandi virðingar. —

Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Gutmundsson og Magnús trésmiður Árnason. —

Aðalstræti 10 — Kaupmaður M. Johannesen hefur látið breyta íbúðarhúsi
Nr. 115. — sínu, og innrétta í því sölubúð. — Húsið er á lengd 20 1/4 al., 11 1/2 al. á breidd, og 3 3/4 al. á hæð, úr bindingi múruðum með múrsteini og holtagrjóti, og helluþaki á súð. — Niðri í húsinu eru 3 herbergi auk sölubúðar og eldahúss. Sölubúðin er þiljuð, máluð og á 3 hliðunum veggjapappír, og eru þar nokkrir búðarskápar. — 2 af herbergjunum eru þiljuð, máluð og með veggjatjöldum, og bæði þeirra með tvöföldum loptum. —
1 herbergi er óþiljað en kalkað. Í 2 af herbergjunum eru Magazin ofnar, og í eldahúsinu eldavél. — Uppi á loptinu eru 3 herbergi, 2 af þeim eru þiljuð og máluð, og 1 sumpart þiljað og málað og sumpart með veggjatjöldum. — Uppi eru 2 ofnar. —

| | |
|---|---|
| Hver hlaupandi alin var virt á 250 kr. . . | kr. 5,062. |
| 2 Magazinofnar 30 kr. 60 kr. 2 ofnar 30º 33º 1 eldavél 50 kr. | " 203 |
| | kr. 5,265. |

Sami hefur rifið niður geymslu-

húsið e/, og byggt upp geymsluhús 7 ál: á lengd, 5 ál: á breidd og 3 1/4 al: á hæð, úr bindingi klætt með borðum og járnþaki á súð, Gólf og loptur í því og 1 skilrúm. –

Hver kláupandi alin var virt á 60 kr. . . . . kr. 420.

Kirkjustræti 6. – Revisor Indriði Einarsson hefur byggt skúr úr
No 183. – bindingi, 1/3 klæddum með borðum, og 2/3 með rimlum, með járnþaki á langböndum og með gólfi í 1/3 og með skilrúmi. Skúrinn er á lengd 9 ál:, breidd 6 1/4 al:, hæð 3 3/4 al: – –

Hver kláupandi alin var virt á 30 kr. . . . kr. 270.

× Arnarhólstúni. Kaupmaður Eyþór Felixson hefur byggt geymsluhús úr bindingi, klætt að utan með ~~járnþaki~~ á langböndum, og járnþaki á langböndum, Lengd 12 ál:, breidd 9 ál:, hæð 4 1/4 ál. – Í húsinu er gólf, og er það þiljað innan með borðum. —

Hver kláupandi alin var virt á 110 kr. . . . kr. 1320. –

Laugaveg Jónas Jónsson hefur endurbætt hús sitt þannig
No 153. – að í því eru 3 herbergi þiljuð með borðum og 2 máluð, og í einu herbergjanna ofn og 1 eldavél (eldhúsinu). Húsið, sem er á lengd 12 ál:, breidd 9 1/2 og hæð 5 ál, er byggt úr steini með helluþaki á súð. —

Hver kláupandi alin var virt á 100 kr. kr. 1200.
1 ofn 14 kr. 1 eldavél 40 kr. . . „ 54 kr. 1254.

Skólavörðustíg. – Verzlunarmaður Matth. Matthíasson hefur við Skólavörðustíginn byggt steinhús, úr holtagrjóti, með járnþaki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á langböndum. Húsið er 12 ál. á lengd, 10 ál. á breidd og 5½ al. á hæð. Að ofan eru timburstafnar. – Húsið er að öllu óinnréttað. –

Hver klaupandi alin var virt á 75 a. . . . kr. 900.

Þingholtsstræti 9. – Daniel söðlasmiður Símonarson hefur byggt upp
Nr. 22. geymsluhús sitt b) sem nú er á lengd ~~12 ál.~~ 8½ al. breidd 5 ál. hæð 4 ál., annar hliðveggur er byggður úr grjóti óinnréttað, og þrjár hliðar úr bindingi klætt með borðum, og járnþaki á súð. Það er að öllu óinnréttað. –

Hver klaupandi alin var virt á 20 a. . . kr. 168.

O. Finsen. M. Arnesen B. Guðmundsson

+ + +

Rjettsýnisvirt staðfestir. –

O. Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. —

Ár 1889 hinn 12. okt. var samkvæmt beiðni Einars Bjarnasonar á Melnum tekin fyrir eptirfylgjandi virðing. —

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason. —

Selsholt. – Einar Bjarnason hefur byggt hús með steinveggjum og timburstöfnum, með járnþaki á langböndum. Lengd 10½ al. breidd 9 ál., hæð 4 ál. —

Niðri í húsinu eru 3 herbergi, þiljuð, með einföldum loptum og ómáluð. —

Loptinu er skipt í tvennt en óþiljað. —

Hver hlaupandi alin var virt á 125 kr. . . kr. 1312.

O. Finsen. M. Árnason. B. Guðmundsson

* * *

Rétt eptirrit staðfestir. —

O. Finsen

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanritud undirgjörd samþykkist

Bæjarstjórn Reykjavíkur 18. október 1889.

Halldór Daníelsson | E. Th. Jónassen | H. Kr. Fridriksson

Björn Jónsson | Þórhallur Bjarnarson.

Árnason | G. Þórdarson | Gudbr. Finnbogason

# Útskrift

úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. —

---

Ár 1889 hinn 18. dag septembermánaðar var samkvæmt beiðni nokkra manna teknar fyrir eptirfylgjandi virðingar. —

Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn, Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason. —

I. <u>Ingólfsbrekka No 26</u>. (<u>Skálastræti No 5</u>) — Einar snikkari Jónsson hefur stækkað íbúðarhús sitt að því leiti að hann hefur breikkað það, og byggt ofan á það að öllu leiti þannig, að það er nú tvílyptað. Það er allt úr bindingi, múruðum, úr hraungrjóti, múrsteini og „Beton". — Þakið er að austanverðu klætt með járni, en að vestanverðu með ~~járn~~ þakhellum, á súð. — Það er nú á lengd 22 ál., breidd 13 ál., veggjahæð 7 1/2 al. — Niðri í húsinu eru 5 herbergi; 3 máluð, með veggjatjöldum og með tvöföldum loptum; 2 þiljuð, máluð og með einföldum loptum. — Í 4 af herbergjunum eru ofnar, — þar af 2 Magazinofnar — Niðri eru 2 eldavjelar. —

Uppi á loptinu eru 8 herbergi. — 4 með tvöföldum loptum, 7 máluð, en öll þiljuð. — Uppi eru 6 ofnar og 3 elda-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vjelar. — Kjallari er undir nokkrum parti hússins. —

Hver hlaupandi alin var virt á 440 kr. kr. 9,680

2 Magazínofnar á 50 a. 8 ofnar 2/35 kr. 2/30. 2/20. 2/16 kr. 5 Eldavélar 2E/55 kr. 2/30 kr. 1/18 kr. . „ 490 kr. 10,170.

. . .

II. __Arnarholtslóð:__ Ebenesar Helgason hefur byggt bæ með steinveggjum og járnþaki á súð. Stafnarnir eru úr timbri og grjóti. Lengd 10 ál.; breidd 7 ál.; hæð ~~uppi~~ uppi í mæni 5 ál. —

Í bænum er 1 herbergi, þiljað en ómálað. Þar er enginn ofn. Hver hlaupandi alin var virt á 45 kr. . . . kr. 450. —

. . .

III. __Arnarholtslóð.__ — Ekkjan Guðrún Sigurðardóttir hefur byggt bæ með steinveggjum, og járnþaki á langböndum. Stafnar úr tré. Lengd 8 ál. breidd 6 ál.; hæð uppi í mæni 5½ ál. —

Í bænum er 1 herbergi að mestu þiljað en ómálað. Þar er einn lítill ofn. —

Hver hlaupandi alin var virt á 40 kr. . kr. 320. —

1 ofn 16 kr. . . . „ 16. kr. 336. —

O. Finsen. M. Arnason. Björn Guðmundsson. —

* * *

Rjett eptirvirt staðfestir. —

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

## úr virðingabók Reykjavíkurkaupstaðar. –

Ár 1889 hinn 17. septembermánaðar var samkvæmt beiðni kaupmanni G. Zoëga tekinar fyrir eptirfylgjandi virðingar. –

Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason. –

Vesturgata № 7.5. Geir kaupmaðr Zoëga hefur bætt við verzlunarhúsið e), þannig að húsið nýja er nú 12 ál. á lengd. Hæð og breidd sama og fyrra húsið. – Húsið er þannig allt á lengd 42 ál. og breidd 12 ál. hæð 3 3/4 al., úr bindingi múruðum að mestu leiti ~~úr bindingi~~ með múrsteini. Í því er 2 geymsluhús og sölubúð. Undir öllu húsinu er kjallari með trégólfi. –

(№ 7.)

Í kontórnum er 1 ofn. –

| | |
|---|---|
| Hver hlaupandi alin var virt á 230 kr. . . | kr. 9.660. – |
| 1 ofn 39 kr. . . . . . | „ 39. |
| | Kr. 9.699. – |

Ennfremur hefur hann byggt geymsluhús, sumpart úr bindingi, og sumpart með steinveggjum, og klætt með

bordum. – Á lengd er skúr þessi 9 ál., breidd 7¾ al., hæð 3½ al.
Járnþak er á langböndum. –
Hver klaupandi alin var virt á 35 kr. . . kr. 315. –

Lækningaþ. No 73 (No 3)

– Kaupmaður G. Zoëga er nú orðinn eigandi að húseigninni No 73 í Lækningagötu (No 3). Hann hefur látið endurbæta þetta hús, bæði að því að hann hefur látið múra það upp að mestu leiti með múrsteini, þar sem áður var mosi, að sömu leiti hafa herbergin verið endurbætt og þeim breytt. – Einnig hefur verið sett skilrúm í kjallaranum, og þar sett upp þvottahús og geymsluhús. –

Hús þetta er á lengd 24 ál., breidd 14 ál. og hæð 9 ál., tvílopt með járnþaki á súð. Niðri í húsinu er sölubúð með tilheyrandi skápum, og þar að auki er þar 2 herbergi; að öðru leiti er þar geymsluhús. –

Uppi eru 3 herbergi og eldahús, öll þiljuð og máluð, með veggjatjöldum og tvílopuð. – Sinn ofn er í hverju herbergi og eldavjel í eldahúsinu, að öðru leiti er þar geymsluhús í þessum hluta hússins. – Uppi á loptinu eru 3 herbergi, þiljuð og máluð. 1 Magazinofn er í 1 herberginu og stranofn í öðru. –

Í kjallaranum er þvottahús með innmúruðum potti og að öðru leiti geymsluhús. – Í þeim hluta

kjallarans er borðagólf, en í pakkahúsinu „Betongólf“. —

| | | |
|---|---|---|
| Hver hlaupandi alin var virt á 575 kr. | | Kr. 13.800. |
| 4 Magazinofnar á 60 kr. 1 ofn 50 kr. 1 strauofn 20 kr. | } | |
| 1 eldavjel 60 kr. 1 innmúraður pottur 38 kr. . . | } | " 408. — |
| | | Kr. 14.208. — |

O. Finsen. M. Árnason. Björn Guðmundsson. —

\+ \+ #

Rjett eptirrit staðfestir. —

O. Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. —

---

Ár 1889 hinn 30. dag októbermánaðar, var samkvæmt beiðni kaupmanns H. Th. A. Thomsens tekin fyrir eptirfylgjandi virðing. —

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn, Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason

Hafnarstræti 127. — Kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefur sameinað íbúðar-
nr. 20. húsið a.) og sölubúðina g) og byggt ofan á húsið a.), þannig, að allt húsið er nú 35 al. á lengd, 21 al. á breidd og 9 3/4 al. á hæð uppundir þakbrún. Hús þetta verður virt í þrennu lagi: —

I. Sölubúðin er eins og hún var við virðingu 4/8. 1876. kr. 12.300. —

II. Milligjörðin milli húsanna, þar sem skúrarnir b. og c. áður voru, og sem nú er búið að rífa ~~[illegible]~~ niður, er nú á lengd 8 3/4 al., breidd 21 al., hæð 9 3/4 al., úr bindingi klæddum að austanverðu með borðum, járni, og að vestanverðu með tvöfaldri timburklæðningu og pappa, og járnþaki á plægðum borðum. Þessi hluti hússins er að

35
21
35
70

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kr. 12,300 –

öllu óinnréttaður. —

Hver hlaupandi alin var virt á 300 kr. . . . 2,625. –

III. Ofan á íbúðarhúsið hefur verið byggð 1 etage úr bindingi klæddum með plönkum, pappa og járni á þrjá vegu, og járnþak á plægðum borðum. Lengd 12 3/4 al., breidd 21 al. hæð 9 3/4 al. —

Niðri í kjallaranum eru 3 herbergi öll með gjaldalofstum og tvö af þeim þiljuð með borðum; þar er einnig eldahús með tvöföldu lofti og þiljuðum veggjum. Þar er allt málað. Í kjallaranum er 1 ofn og 1 eldavjel. —

Niðri í húsinu eru 4 herbergi, 2 af þeim með tvöföldum gjaldaloftum, og 2 með gipsloftum. Allir veggirnir eru sléttaðir með kalki og veggjapappír límdur utan á. — Þar eru 4 Magazinofnar. —

Neðri hluti hússins er byggður úr tigulsteini, klæddum að utan með járni á þrjá vegu. –

Efri byggingin er að öllu óinnréttuð. —

Hver hlaupandi alin var virt á 1000 kr. 12,750.

5 ofnar 2 á 60 kr. 3 á 45 kr. 1 eldavél 57 kr. . . 306. –

Kr. 27,981. —

O. Finsen. Björn Guðmundsson. M. Árnason

Rjett eptirrit staðfestir. —

O. Finsen

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur